

AUGLÝSING

um takmörkun á síldveiði í Norðursjó og Skagerak.

1. gr.

Samkvæmt heimild í c. og d. lið 7. gr. alþjóðasamnings um fiskveiðar í norðausturhluta Atlantshafs, er gerður var í London 24. janúar 1959, hefur Fastanefnd fiskveiða á Norðaustur-Atlantshafi gert ályktun um takmörkun á síldveiði í Norðursjó og Skagerak á ákveðnu tímabili. Aðalefni ályktunar þessarar er birt í 3.—6. gr. auglýsingar þessarar.

2. gr.

Með orðinu „samningur“ í auglýsingu þessari er átt við alþjóðasamning um fiskveiðar á norðausturhluta Atlantshafs, er gerður var í London 24. janúar 1959.

Með orðinu „samningsríki“ er átt við þau ríki, sem aðilar eru að samningnum.

Með orðinu „fastanefnd“ er átt við Fastanefnd fiskveiða á Norðaustur-Atlantshafi, sem starfar samkvæmt samningnum.

3. gr.

Á tímabilinu 1. apríl 1972 til 15. júní 1972 og á tímabilinu 1. febrúar 1973 til 15. júní 1973 er bönnuð síldveiði í Norðursjó og Skagerak að þessum dögum meðöldum.

4. gr.

Nú tilkynna hlutaðeigandi stjórnarvöld samningsríkis fastanefndinni fyrir 1. marz 1972 annars vegar og 1. janúar 1973 hins vegar, að til þess að komast hjá sérstöku erfiðleikum skuli undanþegnar ákvæðum þessum allt að 1250 smálestir síldar á árinu 1972 og 2500 smálestir á árinu 1973, sem notaðar skuli til manneldis eða beitu, og

- a) ná þá undanþáguákvæðin til þess magns, sem samningsríkið hefur tiltekið að því er varðar þegna þess.
- b) Hlutaðeigandi stjórnarvöld samningsríkis skulu tilkynna nefndinni um ráðstafanir þær, sem þau hafa gert eða hyggjast gera til að undanþágan, sem gerð er samkvæmt þessari grein, verði ekki misnotuð.
- c) Nefndin skal tilkynna öllum samningsríkjum hverja þá undanþágu, sem samningsríkin kunna að gera.

5. gr.

Í ályktun þessari merkja orðin Norðursjór og Skagerak öll hafsvæði, sem samningurinn tekur til og afmarkast að norðan af 62° norðurbreiddar, að vestan af 4° vesturlengdar, þar sem hún sker 62° norðurbreiddar og að strönd Skotlands og í Ermarsundi 1° vesturlengdar og að austan af línu, sem dregin er frá Skagen að Pater Noster vita.

6. gr.

Drátt fyrir ákvæði 3. gr. að ofan má síld vera 10% af þunga þess afla, sem landað er hverju sinni.

7. gr.

Fastanefnd hefur verið tilkynnt um, að undanþágur samkvæmt 4. gr. skuli taka til íslenzkra skipa. Veiðar á hinu undanþegna magni skulu háðar sérstöku leyfi sjávarútvegsráðuneytisins. Leyfi má binda skilyrðum, sem nauðsynleg þykja.

8. gr.

Með mál út af brotum á auglýsingu þessari skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot viðurlögum samkvæmt 2. gr. laga nr. 14 30. marz 1960.

9. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt lögum nr. 14 30. marz 1960 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, er gerður var 24. janúar 1959, um fiskveiðar í norðausturhluta Atlantshafs, ásamt viðbæti, sbr. auglýsingu nr. 8 27. júní 1963, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. febrúar 1972.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Þórður Ásgeirsson.

Nr. 9.

20. janúar 1972.

REGLUGERÐ

um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til félagssvæðis Sjálfseignarvörubifreiðastjórafélagsins Ekils, en það nær yfir Vestmannaeyjakaupstað.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við hámarkstöluna 32, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 27. apríl 1970. Þessa tölu má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Sjálfseignarvörubifreiðastjórafélagsins Ekils, bæjarstjórnar Vestmannaeyjakaupstaðar og Vinnuveitendafélags Vestmannaeyja.

3. gr.

Tvisvar á ári, þ. e. í aprílmánuði og októbermánuði, veitir Sjálfseignarvörubifreiðastjórafélagið Ekill viðtöku nýjum umsóknum um félagsréttindi manna, er eiga vörubifreið og vilja stunda leiguakstur til vöruflutninga. Skal þá, ef fjöldi leigubifreiða innan félagsins er kominn niður fyrir töluna 32, bæta við þeim fjölda er nægir til þess að ná hámarkstölunni. Gildar umsóknir skulu teknar til greina aðallega eftir biðtímalengd og tímaröð, en án tillits til þess hvar á félagssvæðinu umsækjendur eru búsettir, unz framangreindu marki er náð.

4. gr.

Reglugerð þessi tekur eigi til sendiferðabifreiða. Enn fremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða, sem eru eign einstakra atvinnufyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 frá 27. apríl 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 20. janúar 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.